



Skýrsla Vinnís fyrir starfsárið 2010-2011

Þrettándi ársfundur Vinnuvistfræðifélagsins var haldinn þann 29.apríl 2010 hjá Actavis að Dalshrauni 1, Hafnarfirði. Leó Sigurðsson, öryggis-, heilsu- og umhverfisstjóri og Oddrún Lilja Birgisdóttir, kynntu öryggis- og heilsustjórnun Actavis og mikilvægi vinnuvistar. Síðan hófst aðalfundur félagsins.

Ársfundur félagsins 2011 verður haldinn þann 24.febrúar nk. hjá Marel, Austurhrauni 9, 210 Garðabæ.

Stjórn Vinnís starfsárið apríl 2010-febrúar 2011

Valdís Brá Þorsteinsdóttir, formaður (kosin til eins árs)
Þorgeir Jónsson, varaformaður, (kosinn til tveggja ára, 2009-2011)
Tómas Davíð Þorsteinsson, gjaldkeri (kosinn til tveggja ára, 2009-2011),
O.Lilja Birgisdóttir, ritari (stjórnarseta 2008-2010)
Alda Ásgeirsdóttir meðstjórnandi, (kosin til tveggja ára 2009-2011)

Varamenn

Anna Dagný Smith
Unnur Jónsdóttir

Skoðunarmenn

Björn Pálsson
Auður Ólafsdóttir

Félagaskrá

Í félagaskrá í lok árs 2010 voru skráðir 85 félagar, þar af voru 8 fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök skráðir styrktaraðilar.

Árgjaldið

Árgjaldið er kr. 2.900.- fyrir einstaklinga og styrktaraðilar greiða kr. 25.000,-.

Stjórnarfundir

Stjórnarfundir voru að meðaltali einu sinni í mánuði yfir vetrartímann eða ca. níu á starfsárinu.

Megináherslur á starfsárinu hafa tengst:

1. Markaðssetning félagsins og hvernig auka má þátttöku í félaginu, bæði með nýjum meðlimum en einnig að virkja núverandi féлага.
2. Breytingar á innheimtu gjalda þe. fyrirtækjum var boðin styrktaraðild í stað félagsaðildar.

3. Viðurkenning fyrir innkaup á vinnuvistfræðilegum búnaði, sem Penninn hlaut að þessu sinni. Stjórnin leggur til að um árlegan viðburð verði að ræða.
4. Hrós mánaðarins á heimasíðu.
5. Kynning á OHSAS 18001 staðlinum í samstarfi við Vinnueftirlit ríkisins.

Erlent samstarf

Nordiska Ergonomi Sällskapet (NES).

Fertugastaogönnur ráðstefna NES, NES2010 var haldin á í Noregi í september 2010. Fulltrúar Vinnís í NES eru Valdís Brá Þorsteinsdóttir og Lilja Birgisdóttir, en Alda Ásgeirsdóttir er varamaður. Norðmenn eru með formennsku NES. Haldnir hafa verið sex fundir (4 símafundir og 2 fundir þar sem stjórnarmenn hittust í Noregi). Aðalfundurinn var haldinn í Noregi í tengslum við ráðstefnuna. Einnig eru virkar nefndir starfandi innan NES stjórnar og situr Valdís í nefnd varðandi „ease the burden“ en þau eru að vinna að verklagslýsingum fyrir NES ráðstefnurnar en Lilja situr í nefnd varðandi „networks“ en þar er unnið að nánari tengingu faghópa innan NES.

Að lokum

Stjórn Vinnís þakkar öllum þeim sem hafa tekið þátt í félagsstarfi starfsársins 2010-2011 og hvetur félagsmenn til að taka virkan þátt í áhugahópum Vinnís og öðru starfi sem er í gangi hverju sinni. Virkir félagsmenn auka virkni félagsins í heild og efla og styrkja vinnuvistfræði á Íslandi.

Reykjavík, 24.febrúar 2011
Stjórn Vinnís